

## Umhverfis- og loftslagstefna SSNV

### Inngangur

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi Vestra (SSNV) ætla að vera fyrirmynd á sviði umhverfis- og loftslagsmála í landshlutanum og vinna markvisst að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í landshlutanum. Markmið okkar er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá starfsemi okkar, lágmarka umhverfisáhrif vegna áhersluverkefna í sóknaráætlun og styðja við sveitarfélög og atvinnulíf í landshlutanum að kortleggja neikvæð umhverfisáhrif og draga úr þeim á markvissan hátt.

Stefnan tekur mið af aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum sem inniheldur meðal annars Samgöngur á landi, landbúnað og hvata til orkuskipta.

### Gildissvið.

Stefnan nær til beinna og óbeinna umhverfisáhrifa frá starfsemi SSNV auk áhrifa vegna verkefna og viðburða á vegum SSNV

### Stefna.

Umhverfis- og loftslagsmál eru okkur hugleikin og við erum í lykilstöðu til að hafa áhrif á málaflokkinn í okkar landshluta. Ásamt því að vinna markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum frá starfsemi okkar munum við markvisst efla umhverfisvitund íbúa í landshlutanum með fræðslu og aðstoða fyrirtæki og sveitarfélög í landshlutanum að mæta kröfum sem á þau eru gerð m.t.t. umhverfis- og loftslagsmála.

### Mælikvarðar

Til að vinna markvisst að stefnunni höfum við sett upp 7 meginmarkmið sem innihalda aðgerðir og mælanlega mælikvarða.

Markmið skiptast í innri og ytri markmið og eru:

#### Innri markmið

1. Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri SSNV
2. Auka hlutfall vistvænna innkaupa
3. Innleiða Græn skref í rekstri SSNV
4. Draga úr umhverfisáhrifum frá áhersluverkefnum

#### Ytri markmið

5. Styrkja og efla landshlutann í sjálfbærri uppbyggingu
6. Styðja við sveitarfélög í að uppfylla kröfur sem á þau eru gerð í málaflokknum
7. Auka sjálfbærni í atvinnuþróun
8. Stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika og mótvægisáðgerðum

### Innleiðing

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að stefnan sé innleidd í starfsemi SSNV í samvinnu við starfsfólk SSNV og hagaðila.

### Upplýsingagjöf

Upplýsingar um árangur mælikvarða verða birtar á heimasíðu SSNV og með ársskýrslu ár hvert.

### Eftirfylgni og endurskoðun

Stefnan verður formlega endurskoðuð annað hvert ár samhliða því mun verkefnastjóri umhverfismála vakta stefnuna og tryggja að unnið verði markvisst að aðgerðaáætluninni.

### Gildistaka

Stefna tekur gildi frá og með 4. október 2023.